

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2012

HILLUR

&SKÁPAR

Kynningarblað Lagerhillur, bókahillur,
verslunarhillur, hillukerfi og sérsníðaðar hillur.





Auk hillukerfa býður Ísold ehf. upp á sérsmíðaðar lausnir.

MYND/GVA

Sterkir í hillukerfum í yfir tuttugu ár

Fyrirtækið **Ísold ehf.** var stofnað árið 1992 og er starfrækt í dag í rúmgóðum húsakynnum að Nethyl 3-3a, í Reykjavík. Þá býður fyrirtækið upp á sérsmíði.

Ísold ehf. sérhæfir sig í hillukerfum og verslunarinnréttingum. Að sögn Kristins Gestssonar framkvæmdastjóra hefur starfsfólk fyrirtækisins miðlað af reynslu sinni og þekkingu á hillukerfum og verslunarinnréttingum til viðskiptavina sinna síðustu tuttugu ár.

„Við höfum lagt aðaláherslu á innflutning og sölu á hillukerfum í hæsta gæðaflokki frá Metalsistem

til bæði fyrirtækja, stofnana og einstaklinga,“ segir Kristinn. „Viðskiptavinir okkar og jafnvel keppinautar hafa haft það á orði að þessar hillur sé að finna víðast hvar á landinu.

Hillurnar frá Metalsistem eru afar auðveldar í uppsetningu, þar sem þær eru skrúfulausar og þarf einungis að smella þeim saman. Þær bjóða upp á mikla burðargetu og langa endingu.

Auk hillukerfa býður Ísold ehf. upp á sérsmíðaðar lausnir og ýmsa aðra vöruflokka, eins og til dæmis stálskápa, verslunarinnréttingar, plastkassa, brettatjakka, lyftu- og hjólaborð og margt fleira.

Við bjóðum fyrirtækjum og einstaklingum upp á frjá ráðgjöf og komum með tillögur að heildarlausnum sem miðaðar eru við þarfir hvers og eins.“


www.isold.is

DÚKKUHÚS ÚR HILLUM

Gamlar hillur má nýta til ýmissa hluta. Það er upplagt að nota eldri hillur sem hætt er að nota og búa til úr þeim dúkkuhús fyrir yngstu börnin. Það dugur að nota eina hillu en ef tvær eins hillur eru til á heimilinu má tengja þær með tveimur lómum og búa til sannkallað stórhúsi.

Hver hilla myndar nýja hæð í húsinu og ákvarðar stærð hússins. Mesta vinnan liggur í því að mála veggina. Það er upplagt að þekja vegg heimilisins með ólíkum litum eða veggfóðri og þá er um að gera að leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Ein hæðin gæti innihaldið ljósan lit, önnur gæti haft veggfóður úr gömlum efnisbútum og svo má skreyta barnaherbergin með ýmsum dúllum.

Á hverja hæð er upplagt að útbúa glugga, annað hvort með því að saga þá út (sem er meira mál) eða einfaldlega mála þá á vegginn. Að sama skapi er hægt að bæta við hurðum, málverkum, stiga og ýmsum stærri heimilistækjum á vegg hússins. Svo heimilið standi ekki autt má fylla húsið með þeim litlu húsgögnum sem börnin eiga úr öðrum leiktækjum og tilvalið er að virkja afa og ömmu til að fönðra fallega hluti í nýja húsið. Íbúar dúkkuhússins þurfa auðvitað ekki að vera dúkkur. Playmobil-karlar kunna vel við sig í slíkum húsum og allar þær litlu verur sem búa í barnaherbergjum landsins.



Bergrún Íris bjó til dúkkuhús úr hillu, sjá nánar á www.bergruniris.com.

VERSLUNARTÆKNI

Tilboð mánaðarins

25% afsláttur

af öllum **MECALUX** hillum og skápum

Starfsmannaskápar

Verð frá: **14.900,-** +vsk pr. einingu

MECALUX

Starfsmannaskápar

Nokkrar stærðir og val um hurðafjölda

Brettahillukerfi

M7 hillukerfi

Brettahillukerfi

Brettahillukerfi fyrir stór sem smá vöruhús eða lagera, miklir stækkunar-möguleikar.

smávöruhillur

Smærri hillukerfi sem henta vel á smávörulagerinn eða í bílskúrin.

VERSLUNARTÆKNI

Drághálsi 4 - 110 Reykjavík

Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

Síðu heimasíðuna www.verslun.is

ÍSLENSKAR HIRSLUR

Föt þarf ekki alltaf að hengja inn í skáp og þau geta verið til prýði hangandi uppi á vegg. Þá geta sjálfar hirslurnar einnig verið til prýði og sum herðatré ætti ekki að loka inni. Íslenskir hönnuðir hafa verið duglegir að hanna fallegar og hentugar hirslur.





Rör geta þjónað fleiri en einum tilgangi. Hér hafa forlata bókahillur verið smíðaðar úr rörum.

Hillur í ýmsum formum

Þegar talað er um hillur hugsa flestir um hina hefðbundnu tegund úr viði eða málm. Hillur geta hins vegar verið í nánast hvaða formi sem er og margar flottar og óvenjulegar hillur sem skreyta híbýli fólks og geyma hina ýmsu muni þess. Hér má sjá nokkrar óvenjulegar hillusamstæður.



Hér hefur vörubretti verið tekið í sundur og búnar til fallegar bókahillur úr því.



Auðvelt er að hressa upp á gamla hillu með því að veggfóðra bakið á henni.



Önnur gerð af rörahillu.



Venjulegar A-tröppur teknar í sundur og önnur hliðin fest upp á vegg. Einföld hugmynd að flottri hillu í stofuna.



Rými-Ofnasmiðjan hefur verið starfrækt í nærri 75 ár. Thomas Möller hagverkfræðingur er framkvæmdastjóri.

MYND/GVA

Þjófða eitt mesta úrvalið af hillum og skápum

Fyrirtækin RÍ verslun og Rými Ofnasmiðjan voru sameinuð á árinu. Saman bjóða þessi fyrirtæki úrval af geymslulausnum og hillum fyrir iðnaðinn.

Um 1.250 fyrirtæki á Íslandi nota lausnir frá okkur,“ segir Thomas Möller, verkfræðingur og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Við erum með þá sérstöðu að fyrirtækin hafa samanlagt yfir 100 ára reynslu af ráðgjöf og sölu á hillukerfum, lagerlausnum, flutningatækjum og lyfturum.“ Thomas tekur fram að nauðsynlegt sé að ráðgjöfin nái yfir allar lausnir sem lagerinn þurfi og tengi þær saman. Til dæmis verði að taka fullt tillit til þess hvaða lyftarækni sé notuð þegar hillukerfið sé valið.

FYRIRTÆKIÐ ER MEÐ SÝNINGARSAL AÐ BRAUTARHOLTI 26 Í REYKJAVÍK

Þar er fyrirtækið með tvo sýningarsali, lager, skrifstofur og verkstæði. Alls starfa níu manns hjá fyrirtækinu, allir með langa reynslu á þessu sviði. Flestir starfsmanna hafa

starfað hjá fyrirtækjum sem nota hillukerfi, skjalaskápa og lyftara og þekkja því báðar hliðar þessarar tækni.

SAMAN BJÓÐA FYRIRTÆKIN NÚ ENN BETRI ÞJÓNUSTU OG STÆRRA VÖRUVAL EN ÁÐUR

RÍ og Rými býður heildarlausnir fyrir verslanir, vörugeymslur, skjalageymslur, iðnfyrirtæki, verkstæði, fiskiðnaðinn, hótél, bókasöfn, skrifstofur, sveitarfélög og skóla ásamt víðtækum lausnum í aðgengismálum fyrir fólk með hreyfihömlun.

ALLUR PAKKINN Á EINUM STAÐI

RÍ og Rými býður þannig heildarlausnir á öllum sviðum geymslumála, þar með talið ráðgjöf, hönnun, smíði, uppsetningar, viðgerðir og fyrirbyggjandi viðhald varðandi

allar vörur og lausnir sem það selur.

Í vörulista fyrirtækisins er að finna hillu- og rekkakerfi fyrir allar vörur, verslunarhillur fyrir allar verslanir, starfsmanna- og muna-skápa, verkfæraskápa og varahlutahillur svo og allar tegundir rafmagnslyftara og brettatjakka auk flutningatækja til innanhússflutninga og vörudreifingar.

Einnig eru til sölu hjá RÍ og Rými úrval af vörulyftum, sjálfvirkar hurðir og rafknúnar hurðarpumpur auk iðnaðarhurða og hurðopnara fyrir verslanir og iðnfyrirtæki.

Fyrirtækið sérhæfir sig auk þess í hvers kyns hillum og skápum fyrir skjöl og önnur verðmæti. Það býður skjalaskápa af öllum stærðum, skjalakerfi og skjalavörslumöppur, eldtrausta skápa fyrir skjöl og muni.

Lagerrými

Smávörumerfi

Brettakerfi

Lagerbakkar

Árekstrarvarnir

Milligólf

Sími 511 1100 | www.rymi.is | www.riverslun.is
Brautarholt 26-28 | 105 Reykjavík



GÓÐ HIRSLA

Bastkölfur er hægt að fá í ýmsum stærðum. Þær eru ákaflega hentugar sem skúffur eða geymslur í skápa. Bastkölfur eru hægt að nota í forstofunni fyrir húfur og vettlinga en í svefnherberginu fyrir nærföt eða annað minni háttar. Í baðherberginu er hægt að nota þær undir hárblásarann, bursta og greiður, þvottastykki og fleira nýtsamlegt en í eldhúsinu undir ýmis eldhúshöld. Bastkölfur eru einnig nýtsamlegar í stofunni undir DVD-diska, þrjónadót eða annað sem gott er að hafa á ákveðnum stað.



Dæmigerður „Monicuskápur“.
NORDIC PHOTO/GETTY

SKÁPUR MONICU

Persóna Monicu í sjónvarpsþáttunum vinsælu um Vinina (Friends) var með skipulags- og þrífnaðaræði á hæsta stigi. Á heimili hennar hafði hver hlutur sinn stað og allt var snyrtilegt og vel þrifið. Gestum var skipað að ganga vel um og skilja við hlutina eins og þeir voru þegar komið var að þeim. Í einum þættinum kom það hins vegar í ljós að Monica átti sér stórt leyndarmál. Einn skápur á heimili hennar var gjörsamlega stútfullur af drasli. Svo miklu dóti hafði verið troðið inn í skápinn að varla var hægt að opna hann eða loka honum. Það var henni mikið metnaðarmál að enginn kæmist að þessu hrikalega leyndarmáli enda var það í engum takti við karakter hennar að öðru leyti.

Orðið „Monicuskápur“ varð þannig til og má finna það í orðabókum á netinu, til dæmis í Urban Dictionary.



Eflaust kannast margir við að eiga að minnsta kosti einn „Monicuskápur“ á heimili sínu sem þeir halda vel földum fyrir óviðkomandi augum.

AÐ KOMA ÚT ÚR SKÁPNUM

Orðatiltækið „Að koma út úr skápnum“ rekur upphaf sitt til upphafs tuttugustu aldar. Í fyrstu var eingöngu talað um að „koma út“, sem er tilvísun í franska hefð þar sem haldin var veisla fyrir ungar stúlkur. Þar voru þær teknar inn í samfélag fullorðinna og taldar nægilega gamlar og þroskaðar til að giftast. „Að koma út“ fyrir samkynhneigðan einstakling þýddi á þeim tíma einfaldlega að koma út í samfélag samkynhneigðra, sem ekki fordæmdi þá. Það var ekki fyrr en síðar, um miðja tuttugustu öld, sem farið var að tala um skáp í þessu samhengi. Þá runnu saman myndlíkingin um skáp og orðatiltækið „að koma út“. Skápurinn var táknmynd þess samfélags sem fordæmdi samkynhneigða og neyddi þá til að lifa í leynd með kynhneigð sína, líkt og hræðilegt leyndarmál sem falið er inni í skáp. Úr varð því orðatiltækið „að koma út úr skápnum“. Heimild: www.wikipedia.is



SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

VIRKJAÐU Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortíð þitt.

VERSLAÐU Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

SPARAÐU Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.

FASTUR AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI

Sérkjör á eldsneyti hjá Olís og ÓB.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



15%

afsláttur af bílavörum hjá Olís.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



12%

afsláttur hjá Osushi

Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira.



10%

afsláttur af þjónustu hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



25%

afsláttur á allar leiksyningar Á sama tíma að ári í Hofi á Akureyri í nóvember.

Menningarhúsið Hof: 450 1000



10%

afsláttur á smurstöðvum Olís.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



25%

afsláttur af öllu í Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum.



10%

afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.



10%

afsláttur hjá Ellingsen af útvistarvörum.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



15%

afsláttur af vörum hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



15%

afsláttur af Quiznos á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



15%

afsláttur af Grill 66 á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarkil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.



40%

afsláttur hjá Splash af bílaþrífum að utan.



MEIRI OG ÖFLUGRI FRÍÐINDI FYRIR ÁSKRIFENDUR

Virkjaðu kreditkortíð þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS.

Væntanlegir samstarfsaðilar eru A4 og Cintamani.

